

60. gr.

Ráði hreppsnefnd starfsmenn til starfa á vegum hreppsins skal gera við þá ráðningarsamning og fer um kaup og kjör þeirra samkvæmt þeim samningi.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Bárðdælahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. maí 1996.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingum á skipulagsskrá fyrir
Minningarsjóð Þorgerðar S. Eiríksdóttur nr. 408/1973,
sem staðfest var skipulagsskrá fyrir 19. desember 1973.

Stjórn Minningarsjóðs Þorgerðar S. Eiríksdóttur hefur hinn 18. maí 1995 samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins sem staðfest var 19. desember 1973:

1. gr.

3. gr. orðist svo: Höfuðstól sjóðsins, stofnframlag og það sem við hann bætist má aldrei skerða.

Tekjur sjóðsins eru gjafir, áheiti og hvers konar framlög, svo sem af sölu minningarkorta, auk tekna af tónleikum sem haldnir eru árlega á vegum Tónlistarskólans á Akureyri. Ennfremur hefur sjóðurinn tekjur af vöxtum af bankainnistæðum og verðbótum á þær.

Úthluta má árlega 4/5 hlutum af hreinum tekjum sjóðsins á árinu á undan í því skyni að þjóna markmiði sjóðsins skv. 4. gr.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Þorgerðar S. Eiríksdóttur staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. maí 1996.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.